

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	29.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Borgarsíða 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Viglundur Rúnar Pétursson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar frágang á TPH geymi. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skráningar skv. því.

Um er að ræða bikbirgðastöð á Hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Einn 9.600 m³ geymir er í stöðinni sem geymir asfalt og annar minni 45.000L geymir sem geymir lífolíu en geymdi áður whitspirt. Stöðin er byggð árið 1999 og voru geymarnir þá teknir í notkun. Árið 2018 var svo þriðja geyminum bætt við í stöðinni og er hann ætlaður fyrir TPH viðloðunarefni og er 10.000L að stærð. Geymirinn er einangraður og er fyllt á hann úr 1.000L bömbum með því að bambinn er hýfður upp með lyftara og slanga tengd á milli geymis og bamba. Nýtt afgreiðslutölvakerfi hefur verið tekið í notkun en engar aðrar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar.

Geymarnir voru þykktarmældir þann 5. október sl. af VPS verkfræðistofu. Lítil sem engin tæring kom í ljós á biktanki en lífolíutankur var farin að tærast töluvert á botni utanverðum. Mælt var með að farið yrði í tæringarvarnir á lífolíutank sumarið 2017. Rekstraraðili varð við því og vann Slippurinn, Akureyri verkið árið 2017. Var geymirinn sandblásinn og málaður tvær umferðir af grunni og ein af lakki. Löndunarlögn liggur ofanjarðar á lóð en í steyptri rennu út að höfninni. Olíuhitun er í stokknum og þéttikápa yfir lögninni. Afgreiðslulögn fyrir asfalt var þrýstiprófuð af Vélaverkstæði KS í júní 2017 og var lögin í lagi. Hins vegar fannst leki á upphitunarlögn og þarf að fara í viðgerðir á þeirri lögn.

Lífolíugeymir stendur í steyptri þró. Niðurföll á plani eru tengd olíuskilju. Asfalt geymir stendur á malarplani. Ídræg efni voru til staðar í stöðvarhúsi.

Tómir bambar af TPH viðloðunarefni stóðu á lóðinni og bíða flutnings. Olíuskilja er yfirfarin reglulega en stendur hún tóm og lítið sem ekkert álag er á henni. Lítið er um úrgangsolíu, þá einna helst lífolía sem farið er með í spilliefnamóttöku Flokku á Sauðárkrók. Árlegt magn er um 10-15L. Bent er á að rekstraraðili skal kalla eftir kvittunum vegna skila á spilliefnum til spilliefnamóttöku.

Farið er yfir stöðina vikulega og daglega yfir sumartímann þegar mest er um afgreiðslur. Ekki eru haldin endurmenntunarnámskeið í mengunarvörnum og viðbrögðum við mengunarslysum en reyndir starfsmenn sinna stöðinni. Nýliðar læra af þeim eldri en ekki eru haldin sérstök námskeið fyrir nýja starfsmenn. Flestir starfsmenn hafa farið á eiturefnanámskeið.

Asfaltgeymirinn stendur aldrei tómur og koma skip til áfyllingar 1-2 sinnum á ári, síðasta skip kom nú í júlí. Engar hljóðmælingar hafa farið fram en hávaði við lóðarmörk er óverulegur og ekki talin þörf á mælingum að óbreyttri starfsemi stöðvarinnar.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, áhættumat, viðbragðsáætlun, umhverfismarkmið, verklagsreglur um löndun olíu og afrit af starfsleyfi voru í rekstrarhandbók á staðnum. Daglegar skráningar og viðhaldskráningar eru færðar í dagbók.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Girðingar voru í lagi og vel við haldið og hlið voru læst. Stöðin er snyrtileg á að líta.

Frávik frá

2.8 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé

hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Nýr TPH geymir stendur á malaryfirborði og engar árekstrar eða frárennslisvarnir eru við geyminn. Geymirinn er einnig ómerktur. Setja þarf upp viðeigandi merkingar á geyminn skv. 8. gr. reglugerð. nr. 806/1999 um spilliefni, setja upp árekstrarvarnir og að haga undirlagi þannig að ekki halli frá geyminum.

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ


Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila né rekstraraðila og engin óhöpp hafa orðið á árinu.

Minnt er á að öll gögn skal senda á ust@ust.is og afrit sent á eftirlitsmann.

Reykjavík, 27.09.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir